

Selfossi, 26. október 2001

85. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn fimmtudaginn 25. októember 2001, kl. 10:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfræðingur.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð aukafundar Sorpstöðvar Suðurlands frá 3. okt. sl. Einnig lagt fram bréf formanns stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 8. október 2001, til sveitarfélaga í Árnes- og Rangárþingi.**

Í bréfinu er rifjuð upp markmið og stefna Sorpstöðvar Suðurlands. Farið yfir fyrirbyggjandi gögn og málin rædd.

- 2. Drög að fjárhagsáætlun 2002.**
Farið var yfir drögin og ákveðið að ganga frá fjárhagsáætlun og nýrri gjaldskrá á næsta fundi.
- 3. Bréf frá Hollustuvernd ríkisins, dags. 20. júní 2001, varðandi lögtöku ákvörðunar um samevrópskt útstreymisbókhalds.**
Guðmundur fór yfir málið. Sérstakar ráðstafanir hafa þegar verið gerðar til að fullnægja þessari skuldbindingu.
- 4. Bréf frá Plastmótun, dags. 24. september 2001.**
Í bréfinu er óskað eftir styrk sem fellst í niðurfellingu urðunargjalda. Samþykkt að fresta afgreiðslu til næsta fundar og afla frekari gagna.
- 5. Tilraun með flokkun plastefna.**
Guðmundur kynnti málið. Samþykkt að gera 6 mánaða tilraun í samvinnu við Árborg, Hveragerðisbæ, Sorphirðuna ehf. og Plastmótun.
- 6. Nýjar flokkunarmerkingar fyrir úrgang.**
Guðmundur kynnti nýsamþykktar flokkunarmerkingar. Þær munu væntanlega bæta flokkun á úrgangi. Sveitarfélögin eru eindregin hvött til að taka þessar merkingar upp og umhverfisfræðingi falið að fylgja málinu eftir.

7. Önnur mál.

- a) Fundargerð stjórnar Kjötmjöls ehf. frá 24. október sl.
Til kynningar.
- b) Bréf frá Ölfusi, dags. 19. október 2001, ásamt afriti af bréfi Kristbjargar Eyvindsdóttur til sveitarstjórnar Ölfuss varðandi urðunarsvæðið í Kirkjuferjuháleigu.
Til kynningar.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 30. október nk. kl. 9:00.

Fundi slitið kl. 12:00.

Karl Björnsson Ágúst Ingi Ólafsson Sesselja Jónsdóttir
Þorvarður Hjaltason Guðmundur Tryggvi Ólafsson